Heyr mína bæn

Ólafur Gaukur / Mario Panzeri

Faðir vor

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson / P. C. Krossing

Moldun

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson / P. C. Krossing

Blessun

Eftirspil

I Have a Dream

Benny Andersson / Björn Ulvaeus

Prestur: Séra Guðrún Karls Helgudóttir
Píanó: Hjörtur Ingvi Jóhannsson
Söngur: Katrín Halldóra Sigurðardóttir
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug
Boðið verður upp á veitingar í
safnaðarsal kirkjunnar

Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði O-11-36

HARPA
ÚTFARARSTOFA

Esther Guðmarsdóttir

Fædd 2. september 1947
Dáin 11. október 2022

Útför frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 20. október 2022

Forspil

Söknuður

Jóhann Helgason

Bæn

Liljan

Þorsteinn Gíslason / norskt lag

Ritningarorð

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítil rós.
Þráir lífsins vængjavíddir
vorsins yl og sólarljós.

Ég hel ég skynji hug þinn allan
hjartasláttin rósin mín.
Er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað.
Krjúpa niður kyssa blómið
hversu dýrðlegt fannst mér það.

Finna hjá þér ást og unað
yndislega rósin mín.
Eitt er það sem aldrei gleymist,
aldrei það er minning þín.

Guðmundur Halldórsson / Friðrik Jónsson

Guðspjall

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyr höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

23. Davíðssálmur / Margrét Scheving

Minningarorð

Ég veit þú kemur í kvöld til mín
þótt kveðjan væri stutt í gær.
Ég trúi ekki á orðin þín,
ef annað segja stjörnur tvær.

Og þá mun allt verða eins og var
sko áður en þú veist, þú veist.
Og þetta eina sem útaf bar
okkar á milli í friði leyst.

Og seinna, þegar tunglið hefur tölt um langan veg,
þá tölum við um drauminn sem við elskum, þú og
ég.

Ég veit þú kemur í kvöld til mín
þótt kveðjan væri stutt í gær.
Ég trúi ekki á orðin þín,
ef annað segja stjörnur tvær.

Ási í bæ / Oddgeir Kristjánsson

Bænir